
Skjalastefna

Tilgangur

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn myndar og varðveitir skjöl sem sýna fram á og styðja starfsemi safnsins. Tilgangur skjalastefnunnar er að tryggja kerfisbundna stjórnun skjala frá því þau verða til og þar til þau eru grisjuð eða komið fyrir í varanlegri geymslu og uppfylla kröfur sem gerðar eru til skjalastjórnar skv. lögum.

Umfang

Stefnan tekur til allra skjala sem mynduð eru og veita upplýsingar um starfsemi safnsins óháð miðlum, til allra skjala sem eru móttekin og til allra starfsmanna safnsins. Bókhaldsgögn eru undanskilin, en um þau gilda lög um bókhald nr. 145/1994.

Markmið

Markmið með stefnu í skjalastjórn er:

- að skjöl séu mynduð, meðhöndluð, vistuð og þau eru grisjuð samkvæmt lagalegum kröfum og verklagsreglum safnsins.
- að styðja og skjalfesta stefnumótun safnsins.
- að samræma vinnubrögð til þess að auka samfellu í rekstri og gera safninu kleift að veita skilvirka og sanngjarna þjónustu.
- að stuðla að samhæfðu skipulagi sem eykur yfirsýn, rekjanleika og áreiðanleika.
- að tryggja aðgengi, öryggi, áreiðanleika og heilleika gagna.

Ábyrgð

Landsbókavörður ber ábyrgð á skjalavörslu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og reglulegri endurskoðun skjalastefnu safnsins.

Skjalastjóri ber ábyrgð á framkvæmd og innleiðingu skjalastefnu ásamt því að leiðbeina starfsfólki og tryggja að réttu verklagi sé fylgt. Skjalastjóri hefur umsjón með skjalasafni og gerð skjalavistunaráætla. Skjalastjóri ber ábyrgð á endurskoðun verklagsreglna, faglegum rekstri og notkun skjalastjórnarkerfa safnsins. Hann ber ábyrgð á uppsetningu nýrra notenda í kerfinu og aðgangsstýringu hópa.

Kerfisstjóri tryggir öruggan rekstur upplýsingakerfa og öryggi rafrænna gagna.

Sviðsstjórar skulu tryggja að skjalastefnu sé framfylgt innan þeirra sviðs.

Starfsmenn bera ábyrgð á því að mynda, vista og varðveita skjöl í samræmi við settar verklagsreglur og að vinna eftir skjalastefnu safnsins.

Framkvæmd

Til að ná fram settum markmiðum mun Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn koma á skilvirkri skjalastjórn í samræmi við lög og reglugerðir. Mótuð verður skjalavistunaráætlun og útbúnaðar skýrur verklagsreglur um skráningu og vistun skjala á rafrænu formi og á pappír.

Lagarammi

- Lög um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn nr. 142/2011
- Reglugerð um Landsbókasafn Ísland – Háskólabókasafn nr. 170/2014
- Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993
- Upplýsingalög nr. 140/2012
- Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018
- Reglur Þjóðskjalasafns um skjalavörslu

Tilvísanir

- VKL-R-01-05 Frágangur skjala við verklok